

Fiskistofa  
Dalshrauni 1  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10 febrúar 2014.

**Efni: Eftirlit með laxeldi í sjó.**

Ágæti Fiskistofustjóri.

Síðastliðið haust óskaði Landssamband veiðifélaga eftir upplýsingum um hvort og hvernig reglum um auðkenningu eldisseiða af norskum uppruna sem sleppt er í sjókvíar við Ísland er fylgt. Ekki fengu skýr svör um að eftirlitsaðilar á vegum Fiskistofu hafi sinnt eftirliti með þessum mikilvæga þætti. Á stjórnarfundum LV hinn 5. nóvember s.l. voru þeir starfsmenn Fiskistofu sem sinna eftirliti með fiskeldi í símasambandi við fundinn. Af svörum þeirra varð ráðið að ekki hafi verið skoðað hvort eldisfyrirtæki fara eftir ákvæðum reglugerðar. Í fundargerð er bókað um þetta efni: „Ekki hefur verið sannreynt að ákveðið hlutfall eldisseiða sé uggaklippt eins og áskilið er í reglugerð. Enn sem komið er virðist eftirlitið fremur laust í reipunum og telur stjórnin það óviðunandi“. Engin svör hafa ennþá borist um hvort reglugerð er fylgt um merkingar útsettra eldisseiða í sjó.

Landssamband veiðifélaga vísar til ákvæða 29. gr. reglugerðar nr 401/2012 en þar segir:

*Fiskistofa skal gera kröfur um auðkenningu laxfiska þannig að 10% af útsettum seiðum í sjókvíar verði uggaklippt. Fiskistofa getur krafist þess að hærra hlutfall af útsettum seiðum sé uggaklippt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Veiðimálastofnun skal veita Fiskistofu ráðgjöf um framkvæmd 1. másl. þessarar greinar.*

Í ljósi mikilvægi þess að þessu ákvæði sé framfylgt vegna hættu sem villtum íslenskum laxastofnum stafar af eldi norskra laxa í sjó, fer Landssamband veiðifélaga fram á að Fiskistofa rannsaki án tafar og upplýsi hið fyrsta hvort eldisfyrirtæki uppfylla framangreind skilyrði. Nýjar rannsóknir frá Noregi sýna að rúmlega 3% útsettum eldisseiðum sleppa úr kvíum. Því er algörlega óviðunandi að eftirlitsmenn Fiskistofu skuli ekki hafa upplýsingar á reiðum höndum um að tilskilið magn eldisseiða sé uggaklippt eins og mælt er fyrir um í reglugerð

Landssambandið telur mikilvægt að fylgt verði reglum um merkingu norskra eldislaxa í sjó og gerir kröfu um að litið verði til viðurlagaákvæða laga nr. 71/2008, 16. gr. um afturköllun rekstrarleyfis eldisfyrirtækja og 22. gr. um refsíabyrgð stjórnarmanna rekstrarleyfishafa leiði rannsókn Fiskistofu í ljós að brotið hafi verið gegn fyrrnefndu ákvæði reglugerðar 401/2012.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigbórsson form.